



Efni: Heimild til að hefja verkefnið sendingargátt fyrir stafrænt pósthólf

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið sendingargátt fyrir stafrænt pósthólf. Verkefnið snýr að því að bregðast við áskorunum sem felast í innsendingum í stafrænt pósthólf fyrir þá aðila sem ekki hafa aðgang að kerfum sem tengjast þar inn. Sendingargátt fyrir starfsfólk gerir Reykjavíkurborg kleift að uppfylla betur kröfur í lögum um stafrænt pósthólf sem tóku gildi 1. janúar 2025.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar til mars 2025. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun eru 6 m.kr. sem tilheyrja eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Greinargerð:

Stafræna pósthólfíð á Ísland.is er lokað svæði þar sem einstaklingar og fyrirtæki með íslenska kennitölu fá sértækar, persónulegar upplýsingar og skilaboð frá hinu opinbera.

Reykjavíkurborg hefur unnið skipulega að innleiðingu stafræns pósthólfs í áföngum til að uppfylla lagakröfur sem tóku gildi 1. janúar 2025.

Verkefnið „Sendingargátt fyrir stafrænt pósthólf“ er mikilvægur hluti af þessari innleiðingu og stuðlar að farsælli notkun stafræns pósthólfs í starfsemi borgarinnar.

Reykjavíkurborg hefur unnið náið með hagaðilum að greiningu skjala sem birt verða í stafrænu pósthólfi. Þessar greiningar hafa verið framkvæmdar í samstarfi við upplýsingatæknisérfræðinga og hugbúnaðarþróunarteymi.

Til að tryggja skilvirka innleiðingu hafa verið þróaðar og innleiddar ýmsar lausnir, þar á meðal:

- Skjalamiðlari milli upplýsingakerfa og stafræns pósthólfs.
- Tengilausnir fyrir málaskrár- og skjalakerfi.
- Lausnir fyrir starfsfólk til að senda skjöl beint í stafrænt pósthólf úr tengdum kerfum.

Með þessum lausnum hefur grunnkröfum innleiðingar verið náð.

Núverandi áskoranir:

- Ekki er hægt að senda skjöl beint í stafrænt pósthólf úr öllum upplýsingakerfum sem borgin notar.
- Núverandi lausnir styðja ekki við að senda skjöl á marga viðtakendur eða hópa, t.d. dreifibréf.
- Upplýsingakerfin bjóða ekki upp á heildarsýn yfir sögu sendinga, svo ekki er auðvelt að sjá hvort bréf hafi verið sent, móttekið eða opnað.

Tillaga að lausn – Sendingargátt fyrir stafrænt pósthólf:

Sendingargáttin er viðmót sem gerir starfsfólki kleift að senda skjöl á einstaka viðtakendur eða hópa, óháð skjalakerfi. Lausnin tekur við skjölum, birtir þau viðtakanda í stafrænu pósthólfi og veitir sendanda upplýsingar um stöðu sendingar.

Ávinningurinn af innleiðingu sendingargáttar fyrir stafrænt pósthólf er verulegur. Lausnin eykur aðgengi, þar sem allt starfsfólk og skrifstofur sem ekki hafa beina tengingu við stafrænt pósthólf munu geta sent skjöl til birtingar. Hún stuðlar einnig að pappírslausri stjórnsýslu með því að færa bréf sem áður voru send í hefðbundnum bréfpósti yfir í stafrænt form. Þar að auki minnkar þróunarkostnaður, þar sem engin þörf er á samþættingu við öll upplýsingakerfi Reykjavíkurborgar. Að lokum tryggir lausnin lagasamræmi með því að uppfylla lagalegar kröfur um stafræna sendingu skjala.

Ábatamat fyrir eitt árs tímabil sýnir bæði mælanlegan og ómælanlegan ávinning af minni notkun bréfpósts. Ómælanlegur ábati felst í aukinni starfsánægju, hraðari boðleiðum, bættri ímynd Reykjavíkurborgar og auknum þægindum fyrir borgarbúa.



Mælanlegur ábati kemur fram í umhverfisáhrifum með 77 kg minni pappírsmotkun, tímasparnaði sem nemur 200 klukkustundum á ári og beinum sparnaði upp á 2,5 milljónir króna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun eru 6 m.kr. sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Kostnaðarstaður 2102. Verkefnaklassi: 80001.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar Þór Þráinsson,
skrifstofustjóri upplýsinga og skjalastýringar